07.11.5



LÍÓ NDIR: BONNI

1. tbl mars
Heimsmynd / [febrúar] '93 nr. 93

KVENNALISTINN Á KROSSGÖTUM?

Hreyfingin orðin að flokki. Samstöðuhugsjónin á í vök að verjast. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ræðir um stöðu og framtíð Kvennalistans.

eftir Sigríði Þorgeirsdóttur

„Ingibjörg Sólrún í forsetaembættið!" gall í einni kunningjakonu minni þegar ég sagði henni við hvern ég ætlaði að taka viðtal. „Nei, það væri synd að missa hana í þannig starf, hún nýtist betur í hinum raunverulega pólitíska slag," bætti annar vinur við.

Þessi viðbrögð endurspegla þá tiltrú sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ein fimm þingkvenna Kvennalistans, virðist víða njóta. Hún er rökföst, metnaðarfull og að margra mati ólík framapoturunum sem vaða uppi í pólitíkinni, og virðast kæra sig kollótta þótt þeir grafi undan trausti fólksins til þeirra sem með valdið fara. Ef þetta er rétt virðist Ingibjörg Sólrún vera ein af fáum vonarglætum í pólitísku landslagi, þar sem valdaskak ráðamanna dæmir fólk til sinnuleysis gagnvart stjórnkerfinu og ekki er tekið meira mark á „nöldri" almennings en þörf er á til að koma sæmilega út úr skoðanakönnunum.

Aðrir sem þekkja til starfsemi Kvennalistans hafa hins vegar gagnrýnt Ingibjörgu Sólrúnu fyrir að vera heldur mikil prímadonna og átelja hana fyrir framagirni og vinnubrögð sem samræmast illa hugmyndum listans. Aðspurð segist hún ekki vera alls kostar sátt við þá athygli sem beinist að persónu hennar vegna þess að hún stríði gegn yfirlýstri stefnu Kvennalistans. „Við ákváðum að velja ekki forystu, en fjömiðlarnir gera það óbeint fyrir okkur með því að velja ákveðnar konur til að standa fyrir svörum um málefni okkar, og við neyðumst til að beygja okkur undir það."

Þessi staðreynd er talandi dæmi um þá mótsagnakenndu stöðu sem Kvennalistinn er kominn í. Hann byggir enn sem fyrr á hugmyndum um fjöldahreyfingu, studda af virkri grasrót ólíkra kvenna, en ekki leidda áfram af nokkrum forsprökkum, eins og hefðbundnir flokkar með sínu stigskipta kerfi. Á leiksviði raunverulegra stjórnmála verður þessi hreyfing hins vegar að lúta lögmálum venjulegrar flokkapólitíkur. Tvær meginástæður má telja til: „Við erum öðruvísi," eins og Ingibjörg Sólrún segir, og það er enn sem fyrr almennt ekki skilningur á þeim forsendum sem Kvennalistinn reynir að gefa sér. Þyngra vegur nú samt sá ákafi sem einkennir ungar hreyfingar og blés svo miklu lífi í Kvennalistann á síðasta áratug en er ekki lengur fyrir hendi í sama mæli. „Það dylst engum að grasrótin er lasleg," segir hún. Hreyfingin er nauðug viljug orðin að stjórnmálaflokki og Ingibjörg Sólrún ein af forystukonum hans.

En það er fleira en tilraunir til að samræma hugsjónir hreyfingarinnar og raunverulega pólitík sem reynir á þanþol Kvennalistans um þessar mundir. Ingibjörg Sólrún hefur einnig verið mikið í sviðsljósinu undanfarið vegna afstöðu sinnar til Evrópska efnahagssvæðisins, sem gengur í berhögg við yfirlýsta stefnu listans í þessu máli. Listinn er því í fyrsta skipti klofinn í mikilvægu máli, og það hvílir þungt á konunum þar sem „samstöðuhugsjónin hefur alltaf verið mjög mikilvæg", eins og Ingibjörg Sólrún segir.

Það er samt hætt við að mörgum Kvennalistakonum finnist Ingibjörg Sólrún tala heldur fjálglega um þessa hugsjón þar sem hún leyfi sér óspart í krafti vinsælda sinna að fara eigin leiðir og hunsi þar með samstöðuhugmyndina. Hún hefur í framhaldi af því verið ásökuð um „stjörnutilburði og karlavinnubrögð, sem eru í mótsögn við kjarnahugsun kvennapólitíkur", eins og ein Kvennalistakona orðaði það.

Það er því ljóst að Kvennalistinn er knúinn til þess að meta viðhorf sín með tilliti til núverandi aðstæðna. Hvernig má sameina fjölbreytni og samstöðu? Í hverju er sérstaða listans fólgin, hvað réttlætir tilvist kvennaflokks, hvað hefur áunnist í baráttu kvenna á undanförnum áratug?

Sú staðreynd að spurt skuli vera um tilvistarréttlætingu Kvennalistans er nokkuð táknræn fyrir afstöðuna til þessa pólitíska afls. Frá því að Kvennalistinn komst á þing fyrir tíu árum hafa miklar kröfur verið gerðar til hans og ekki síst af konunum sjálfum. „Okkar fulltrúar þurfa að vera afar traustir. Konan þarf að vera skotheld. Allt kvenkyn þarf að líða fyrir það ef ein kona er ekki nógu góð," segir Ingibjörg Sólrún.

Kvennalistinn kom einnig vegna sérstöðu sinnar sem flokkur þeirra sem fara ekki troðnar leiðir og þeirra sem standa utan við samþjöppun valds og auðs óneitanlega sem „siðbætandi afl" inn í íslenska pólitík. Og af þeim sökum hafa konurnar iðulega verið mældar með öðrum mælikvarða siðgæðis en hinir flokkarnir. Slíkt mat á verkum Kvennalistans hefur samt að mati Ingibjargar Sólrúnar oft ekki aðeins verið óréttmætt, heldur endurspeglar það æ ofan í æ viðvarandi leynda mismunun kvenna.

Febrúar '93

Annað hvort erum við kallaðar hreinar meyjar eða pólitískar mellur.



„Ef við erum ásakaðar fyrir að skorast undan ábyrgð erum við kallaðar hreinar meyjar, og ef við erum átaldar fyrir að gefa of mikið eftir af kröfum okkur erum við sagðar pólitískar mellur. Konur hafa meira að segja tekið undir slíkar skilgreiningar á okkur. Kona úr öðrum flokki sagði til dæmis eitt sinn, að við værum hreinar meyjar og hefðum ekki kynnst kynnautninni. Hún hefur ekki gert sér grein fyrir hvaða þýðingu slíkar kynferðislegar skírskotanir hafa fyrir konur."

Ásakanir af þessu tagi náðu hámarki á árunum 1987 og 1988 þegar rætt var um stjórnarþátttöku Kvennalistans. Margir hafa legið Kvennalistanum á hálsi fyrir að hafa ekki tekið á sig þá ábyrgð sem honum bar þegar tækifæri gafst til þess. „Í stjórnarmyndunarviðræðunum árið 1987 átti Kvennalistinn raunhæfan kost á að fara í stjórn með Sjálfstæðisflokki og Alþýðuflokki. Við vorum tilbúnar til að slá af gegn því að komið væri til móts við kröfur okkar um að hækka lægstu laun, til dæmis með því að setja í lög að bannað væri að greiða laun undir ákveðnu viðmiðunarmarki. Það var uppsveifla í þjóðfélaginu þá og mikið launaskrið, en samt ekki vilji til að gera eitthvað í launamálum þeirra lægst launuðu. Við vildum ekki ganga inn í stjórnarsamstarf þá vegna þess að þessu skilyrði okkar, sem ég held að allir landsmenn hafi skilið, var ekki fullnægt."

Ingibjörg Sólrún segir að það verði einnig að hafa í huga að Kvennalistinn var ekki kominn með mikla þingreynslu á þessum tíma. „Við vorum einungis búnar að vera eitt kjörtímabil á þingi, og það tekur langan tíma að vinna upp það forskot sem hinir flokkarnir hafa. Við einbeittum okkur ekki einungis að málum sem snertu konur beint, heldur þurftum að setja okkur inn í öll mál, sjávarútvegsmál, landbúnað, efnahagsmál og þar fram eftir götunum. Það tekur að sama skapi tíma fyrir konur að átta sig á innviðum kerfisins. „Við vorum lengi framan af utan við peningastofnanir, en nú höfum við fengið fulltrúa í bankaráð. Með tilliti til þess má segja að

Kvennalistakonur hafi fengið ótrúlega miklu áorkað á stuttum tíma. Kvennalistanum var á ný boðið að vera með í stjórnarmyndunarviðræðum Alþýðuflokks, Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Stefáns Valgeirssonar, eftir að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks sprakk 1988, en þær fengu ekkert að leggja til málanna þar að mati Ingibjargar Sólrúnar. „Okkur var einungis boðinn tilbúinn pakki. Forystumenn hinna flokkanna voru búnir að ákveða innihald hans. Þeir settu okkur því í raun skilyrði að við fengjum að vera með ef við settum ekki fram eigin kröfur. Talsmenn hinna flokkanna túlkuðu svo niðurstöðuna og sögðu að það strandaði á okkur, en við höfðum ekkert val þarna." Engu að síður varð sú staðreynd að þær höfnuðu stjórnarþátttöku öðru sinni árið 1988, líklega til þess að þær töpuðu fylgi samkvæmt skoðanakönnunum."

Ingibjörgu Sólrúnu finnst slæmt að Kvennalistinn átti ekki raunhæfa möguleika á að vera með í þessu stjórnarsamstarfi þar sem hún álítur að þær hefðu getað fengið ýmsu áorkað þar. Hún telur aftur á móti að Alþýðubandalagið með Ólaf Ragnar Grímsson í broddi fylkingar hafi viljað skáka Kvennalistanum á þessum tíma. „Við höfðum tekið fylgi frá Alþýðubandalaginu og því bjó Ólafur Ragnar Grímsson til aburðarás sem varð til þess að Kvennalistinn tapaði áróðursstríðinu árið 1988", eins og Ingibjörg Sólrún orðar það. Það er því „ekki stætt á því að ásaka okkur um að hafa ekki viljað flekka hendur okkar á stjórnarsamstarfi þarna, eins og iðulega er gert".

En þó að Kvennalistinn hafi ekki komist í stjórn, þá segir Ingibjörg Sólrún að hann hafi komið miklu til leiðar á þessum áratug. „Tölurnar tala sínu máli. Þegar við byrjuðum voru aðeins 5 prósent þingmanna konur, en eru nú 24 prósent." Ennfremur er ljóst að mál er varða konur hafa hlotið aukið vægi í allri stjórnmálalegri umræðu. En þrátt fyrir þá vitundarvíkkun sem hefur orðið, hafa raunveruleg staða og kjör kvenna á þessum tíma ekki batnað til muna. Ástæðurnar fyrir þeirri hægfara þróun eru margar og margslungnar.

Ingibjörg Sólrún segir að meðan hún hafi setið í borgarstjórn á árunum 1982-1988 hafi verið við ramman reip að draga. Borgarstjórn er að hennar mati að vísu kjörinn vettvangur til að fjalla um mál er varða konur miklu. „Í sveitarstjórnum er farið með dagvistunarmál, málefni aldraða, skóla, félagslega þjónustu og mörg þau mál er snerta konur sérstaklega. Það þarf að reka sveitarfélög eins og fyrirtæki og það er fljótgert að koma hlutum í framkvæmd ef samstaða næst um þá." Það ávannst samt ekki mikið vegna þess að meirihluti borgarstjórnar undir stjórn Davíðs Oddssonar var ákaflega „staður hópur". Hollusta kvenna í Sjálfstæðisflokknum er meiri við flokkinn en hollustan við konur. „Þær treysta sér ekki í uppreisn í sínum flokki þegar á hólminn er komið."

Af þessum sökum var Ingibjörg Sólrún fylgjandi sameiginlegu framboði minnihlutaflokkanna til borgarstjórnar árið 1990. Hún á að hafa verið ein af fáum innan Kvennalistans sem vildu að listinn gengi til liðs við Nýjan vettvang. Hún neitar því samt að hún hafi verið reiðubúin að ganga úr Kvennalistanum til þess að bjóða sig fram með Nýjum vettvangi eins og heyrðist á skotspónum á þeim tíma. „Það er alveg fráleitt að ég taki þátt í nokkru framboði sem er í samkeppni við Kvennalistann. Kvennalistinn er mín samtök." Vegna þeirrar fjölmiðlahylli sem Ingibjörg Sólrún var þá þegar farin að njóta var ennfremur haldið fram að ef svo hefði verið hefði það getað orðið örlagaríkt fyrir listann og jafnvel getað þýtt endalok hans.

Ingibjörg Sólrún hafnar samt slíkum söguburði og segir að Kvennalistinn hafi á þeim tíma verið búinn að skapa sér nægilega sérstöðu til að geta haldið sínu striki í pólitíkinni. Til samanburðar segir hún að Borgaraflokkurinn hafi ekki náð að afmarka sig frá Sjálfstæðisflokknum á nógu afgerandi hátt sem varð til þess að hann var sogaður upp af stóra bróður.

En þrátt fyrir að Kvennalistinn hafi á þessum tíma og síðan getað reiknað með nokkuð stöðugu gengi og hafi yfirleitt haft um 10 prósent fylgi, þá urðu samt á árinu 1990 töluverðar hugmyndafræðilegar sviptingar innan listans. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, ein af fyrrverandi þingkonum og einn aðalhugmyndafræðingur listans á síðasta áratug, átti drjúgan þátt í að hleypa af stokkunum endurskoðun á hugmyndum um kvennamenningu sem lagðar voru til grundvallar stefnu listans. Kvennalistinn hafði frá upphafi skilgreint sérstöðu sína með hliðsjón af reynslu kvenna sem mæðra og uppalenda. Með skírskotun til reynsluheims kvenna var leitast við að koma umhyggju og ábyrgðarsjónarmiðum inn í stjórnmálalega umræðu, en slík viðhorf voru lögð til grundvallar kröfum um dagvistun, bætta umönnun aldraða, umhverfismál og fleira. Hagsýna húsmóðirin varð að

„Við leggjum nú meiri áherslu á fjölbreytileika kvenna."

sama skapi fyrirmynd að skynsamlegri stjórn efnahagsmála.

Sú mynd af konunni sem birtist í kvennamenningarhugtakinu reyndist samt sníða konum of þröngan stakk. Í viðleitni sinni að draga fram það sem sameinaði konur bar mæðrahyggjan að mati Sigríðar Dúnu hugmyndina um kvenfrelsi – frelsið til að velja – ofurliði. Ingibjörg Sólrún segir að Kvennalistinn hafi reynt að bregðast við þessari gagnrýni með því að einblína ekki lengur á það sem sameinar konur, heldur með því að leggja áherslu á fjölbreytileika kvenna. Listinn samanstendur að stórum hluta til af konum á aldrinum 25-45 ára og kvennamenningarhugtakið endurspeglaði að verulegu leyti reynsluheim slíkra kvenna. „Við leggjum nú meiri áherslu á fjölbreytileika kvenna. Við erum ólíkar og með mismunandi þarfir. Gamlar konur, ungar konur, konur í borg, konur í dreifbýli, einhleypar og barnlausar konur, konur með mismunandi menntun og forsendur."

En þrátt fyrir að Kvennalistinn haldi ekki mæðrahlutverkinu á loft á sama hátt og fyrr, segir Ingibjörg Sólrún að hugmyndir um ákveðið verðmæta- og gildismat kvenna sé enn sem fyrr hluti af siðfræðilegri sýn listans. „Þó að ekki allar konur séu mæður, þá eru samt allar konur aldar upp til þess að verða mæður." Umhyggju og ábyrgðarviðhorf sem lita mjög síðustu stefnuskrá listans eru því enn sem fyrr álitin grundvölluð í þessari reynslu kvenna.

Ingibjörg Sólrún segir að það sé samt fráleitt að ætla að Sigríður Dúna hafi hætt að vera virk í Kvennalistanum eða henni hafi jafnvel verið útskúfað eins og heyrst hefur, vegna þess að henni hafi þótt Kvennalistinn enn sem fyrr hampa mæðrahyggju

um of á kostnað kvenfrelsis eða nánar tiltekið frelsis einstaklingsins.

„Sigríður Dúna hætti að vera virk Kvennalistakona vegna þess að hún hafði öðrum verkefnum að sinna. Það er út í hött að ætla að við höfum hafnað henni á hugmyndafræðilegum forsendum. Hún hefur svo margt fram að færa. Við létum hana fá uppkast að Stefnuskránni frá 1991 til yfirlestrar, en hún gerði frekar fáar athugasemdir. Ég held að þær hafi allar verið teknar til greina, og þær virtust ekki benda til þess að henni fyndist við gefa kvennamenningarhugtakinu of mikið vægi á kostnað einstaklingsfrelsis. Það er enn fáránlegra að segja að Kvennalistinn hafi afneitað henni vegna sambands hennar við Friðrik Sóphusson, núverandi fjármálaráðherra, eins og sumir hafa talið. Sigríður Dúna hefur samt vísvitandi haldið ákveðinni fjarlægð frá okkur eftir að hún hætti og ekkert gert til að slá á slíkar hugmyndir."

Ingibjörg Sólrún segir að í þessum umræðum um kvennamenningu og kvenfrelsi birtist hins vegar tvær mismunandi stefnur innan feminismans. „Það er til feminismi sem leggur höfuðáherslu á kvenfrelsi í merkingunni einstaklingsfrelsi. Og það er til feminismi sem lítur ekki fyrst og fremst á einstaklinginn út af fyrir sig, heldur sem hluta af stærri heild og með tilliti til ábyrgðar hans gagnvart öðrum." Hvort og þá hvernig þessar stefnur eru sættanlegar er hins vegar opin spurning sem kallar á frekari umræðu.

> „Sigríður Dúna hefur vísvitandi haldið fjarlægð frá okkur."

En það eru fleiri hugmyndafræðilegar forsendur sem Kvennalistinn þyrfti að taka til athugunar. Það er til efs hvort þörf er á að rekja þau umhyggju- og samábyrgðarsjónarmið, sem marka pólitíska stefnu flokksins í mörgum mikilvægum málaflokkum, til menningar, félagsmótunar, uppeldis og reynslu kvenna. Slík sjónarmið hafa lengi verið við lýði óháð kvennapólitík. Þau eru ómissandi þáttur í allri pólitískri gagnrýni á þær hugmyndir um einstaklingsfrelsi sem íhaldsflokkar eru ásakaðir um að gera of hátt undir höfði á kostnað þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

Er þá nokkuð eftir sem greinir Kvennalistann frá öðrum vinstri flokkum? Er Kvennalistinn ekki fyrst og fremst flokkur sem byggir að verulegu leyti á félagshyggjuviðhorfum sem taka sérstaklega mið af stöðu og kjörum kvenna? Getur Kvennalistinn staðið undir þeim ásetningi að vera þverpólitískt afl sem geti sameinað konur í baráttu sinni? Eða er ef til vill málum mismunandi kvenna betur borgið hjá ólíkum flokkum?

„Konur og málefni kvenna hafa svo lítið vægi í hinum flokkunum," segir Ingibjörg Sólrún. „Það er ekki hlustað á þær, þær sýna heldur ekki klærnar, og þær koma ekki fram í flokkunum sem pólitískt afl." Að vísu er ein kona sem þykir sýna nokkra hörku og það er Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra. „Jón Baldvin Hannibalsson segir um hana að hún sé baráttuglöð eins og strákarnir. Ekki veit ég hvernig henni líkar samanburðurinn. En við kærum okkur ekki um að berjast eins og karlarnir. Við viljum vera í þessu á okkar eigin forsendum. Sjálfsmynd karlanna hefur líka enn sem fyrr í för með sér að þeir tala iðulega niðrandi um konur eða reyna að gera þær ómyndugar. Það hefur myndast samstaða meðal kvenna úr öllum flokkum á þingi þegar konur hafa orðið fyrir slíku aðkasti.

Það er athyglisvert að Kvennalistinn skuli alltaf þurfa að réttlæta tilveru sína. Í raun væri nær að gömlu flokkarnir, sem eiga rætur sínar á öðrum og þriðja áratugnum við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en gilda í dag, réttlættu sína tilveru. Það er líka orðið mjög óljóst hvaða hugmyndir og hagsmuni þessir flokkar endurspegla. Hver er munurinn á stefnu Framsóknarflokks og Alþýðubandalags, og Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks? Þessir gömlu flokkar eru stofnanir sem lifa eigin lífi óháð gagngerum þjóðfélagsbreytingum sem orðið hafa. Einmitt af þessum sökum er svo lítið pláss fyrir konur og veruleika þeirra í hugmyndafræðilegum málflutningi þessara flokka. Kvennalistinn er einn flokkurinn sem endurspeglar þessar þjóðfélagsbreytingar."

Engu að síður segir Ingibjörg Sólrún að alltaf hafi verið litið á Kvennalistann sem tímabundið fyrirbrigði. „Við höldum áfram á meðan kvennabaráttan hefur ekki fundið sér annan farveg. Við leggjum Kvennalistann niður ef við sjáum að málefnum okkar sem varða alla, er borgið annars staðar. En eins og er hefur orðið afturkippur í kvennabaráttunni. Það sést best á því að konur fara verr út úr því ástandi sem skapast hefur í núverandi kreppu. Það er einblínt á atvinnuskapandi möguleika fyrir karlmenn (eins og t.d. dæmis álver), og það gleymist að konur eru fyrirvinnur. Þá fregnir berast af Suðurnesjum að konur hafni atvinnutilboðum vegna þess að þær hafa ekki dagvistunarpláss fyrir börn sín og það er túlkað sem fyrirsláttur kvennanna. Það gleymist að líta á raunverulega aðstöðu þeirra. Það er tilgangslaust fyrir konu að borga pláss á dagheimili á meðan hún situr heima atvinnulaus, og hún getur ekki alltaf komið börnunum sínum fyrir um leið og hennar býðst starf. Þannig að það er það sama að gerast hér og í iðnríkjunum, konur og ungt fólk verða fyrst fyrir barðinu á atvinnuleysinu."

Á meðan málum er svo háttað álítur Ingibjörg Sólrún ekki tímabært að hætta. Þvert á móti. „Kvennahreyfingin ætti núna að eflast og koma fram með nýjum krafti." En hvers vegna gerist það ekki? Hvers vegna gengur Kvennalistanum lítið betur að fá nýliða til liðs við sig en öðrum flokkum? „Hörgull á nýliðum er viðvarandi vandamál hjá öllum flokkum og hreyfingum. Það hefur stundum myndast mikil samstaða um ákveðin mál eða atburði og þá koma margar konur til starfa, en það hefur ekki gerst nokkuð lengi.

Ein af ástæðunum fyrir þessu er sú að „konur eru svo önnum kafnar, þær eru með allt of mikið á sínum herðum. Þær hafa ekki gefa sér ekki tíma til að taka þátt í kvennapólitík." Kvennalistinn er ekki lengur, eins og áður sagði, sú fjöldahreyfing sem hann var þegar honum var hleypt af stokkunum. „Við vildum sýna mörg andlit, vera margra radda kór. Við urðum samt að hætta að skipta konum út af þingi á miðju kjörtímabili vegna þess að það var ekki hægt að bjóða kjósendum okkar lengur upp á það. Fólk var orðið vant ákveðnum fulltrúum, og það reyndist ekki hagkvæmt að setja of oft nýja manneskju á byrjunarreit. Við útskiptin fór einnig dýrmæt reynsla forgörðum. Þetta hefur meðal annars leitt til þess að andlitunum og röddunum hefur fækkað."

Kvennalistinn hefur í framhaldi af því fengið þá gagnrýni á sig að hann hafi fyrir vikið lokast fyrir nýjum röddum. Yngri konur sem gengu til liðs við listann fyrir fáeinum árum hafa sagt að þær

sé ekki tekið nægilega mikið mark á þeim breytingartillögum sem þær hafi fram að færa. Þær lýstu meðal annars yfir óánægju með skotthúfuna sem ímynd Kvennalistans, og sögðu að þetta væri mynd sem steypti konur um of í sama mót.

Aðspurð segir Ingibjörg Sólrún að sér finnist hæpið að eitt skotthúfumerki geti haldið yngri konum frá listanum. „Við ætluðum alls ekki að loka okkur af með þessu merki. Merkið er tákn um að við virðum sögu og reynslu mæðra okkar. Skotthúfan átti að sýna að það sem mæður og formæður okkar hafa gert var mikils virði og ekki lummulegt. Reynsla og framlag þeirra hafði fram að því ekki verið metið að verðleikum."

En sú mynd sem margir gera sér af kvennabaráttukonum sem sitja og prjóna á fundum í röndóttum ullarsokkum er hins vegar ekki beint til þess fallin að laða fólk að hreyfingunni? „Hluti af afturkippnum sem feminisminn á við að stríða um þessar mundir er að það er búið að negla niður ímynd kvenfrelsiskonunnar. Það eru mörg söguleg fordæmi fyrir þessu. Nú er klisjufeministinn óaðlaðandi prjónakerling í röndóttum ullarsokkum. Þetta er liður í því að hafa hemil á konum. Konur eiga ekki að samþykkja það að þeim sé þrengt inn í svona ramma. Kvennabaráttukonur eru allskonar konur eins og allar aðrar konur."

Ingibjörg Sólrún segist hins vegar gera sér grein fyrir því að e[illegible] að ákveðnir toppar fóru að bera meiri ábyrgð á stefnu og starfi listans að gagnrýni kunni að hafa verið misvel tekið. „Við tölum stundum í gamni um flokkseigendafélagið," bætir hún við. „Það getur líka verið að konur eigi erfiðara með að viðurkenna samkeppni en karlar. Okkur er alltaf svo umhugað um að særa ekki neinn af því að samstaða og samheldni eru svo mikilvægir þættir í þessari baráttu."

En hvernig stendur á því að listinn og kvennabaráttan yfirleitt njóta ekki mikillar hylli hjá yngri kynslóðinni. „Unga kynslóðin núna er ekki pólitísk með sama hætti og við sem urðum fyrir áhrifum af þeim umbrotum og hræringum sem hafa verið kennd við árið '68." Því verður samt ekki drepið á dreif að stúlkur og ungar konur í dag finna fyrir ólíkri stöðu kynjanna, og þeirri mismunun kvenna sem hún hefur í för með sér.

En það þarf fleira að koma til til þess að stúlkur verði meðvitaðar um stöðu sína. Sú reynsla sem konur lenda í þegar þær eignast barn og eru komnar á vinnustað verður yfirleitt fyrst til þess að þær fá verulegan áhuga á kvennabaráttu. Af þeim sökum hafa hreyfingar á borð við Kvennalistann ef til vill ekki mikið a[illegible]ttarafl fyrir yngri og óreyndari konur. Ingibjörg Sólrún segir samt að Kvennalistinn verði að leitast við að vera opinn gagnvart þessum hópi kvenna og þeim málum sem hann leynt og ljóst berst fyrir. Hún segir samt að Kvennalistinn „geti aldrei orðið regnhlífarsamtök" sem rúmi allt litróf kvennareynslu.

Af nýrri skrifum Kvennalistakvenna er ljóst að þeim er umhugað að opna sig fyrir reynslu ólíkra kvenna. Kristín Ástgeirsdóttir, þingkona, skrifaði grein í „Veru" þar sem hún fjallar um málefni sem hafa hingað til verið „tabú" í kvennahreyfingunni og hafa meðal annars gert það að verkum að Kvennalistinn og ámóta hreyfingar hafa fengið á sig orð fyrir að vera púritanskar. Afstaðan til kláms og vændis, svo dæmi sé tekið, getur að hennar mati til dæmis ekki haldið áfram að vera jafn afdráttarlaus og hún hefur verið.

Framtíðin verður að skera úr um hvort Kvennalistanum tekst að halda utan um viðhorf þeirra ólíku kvenna sem hann vill leitast við að vera fulltrúi fyrir. Að sama skapi getur tíminn einn leitt í ljós hvort Kvennalistinn þoli þá togstreitu sem einstaklingar á borð við Ingibjörgu Sólrúnu skapa með vinnubrögðum sínum og skoðunum. Að sögn einnar Kvennalistakonu gæti manneskja eins og Ingibjörg Sólrún reynst vera tímasprengja fyrir listann vegna þess að hún gengur þvert á grundvallarhugmynd hans um samstöðu. Afdrif umræðunnar um EES er augljóslega einn prófsteinn á þann styrk sem listinn hefur til að standa undir ágreiningi innan hans.

Ingibjörg Sólrún er sammála öðrum þingkonum Kvennalistans um að EES sé „ólýðræðislegt apparat og karlstýrt reglugerðarveldi". Hún segir samt að sú samrunaþróun sem hafi orðið frá stríðslokum verði ekki umflúin. „Fjármagn er orðið alþjóðlegt, tæknibyltingin hefur gerbreytt öllu og þurrkar út á fjölmörgum sviðum landamæri í samskiptum þjóða. Við erum hluti af þessum veruleika og getum ekki sagt okkur úr lögum við hann. Fullveldi og þjóðerni hafa aðra merkingu nú en áður."

Hún er engu að síður þeirrar skoðunar að við verðum að halda fast í hefðarrétt okkar yfir íslenskri fiskveiðilögsögu. „Við getum aldrei átt undir öðrum hvað við gerum með stærstu auðlind okkar. Við verðum að geta ákveðið sjálf hvernig á að nýta hana. Sjávarútvegsstefna EB byggist á því að allt sem er fyrir utan 12 mílna landhelgi sé ráðstöfunarsvæði EB. Og þó að við fengjum að

„Ingibjörg Sólrún gæti reynst tímasprengja fyrir listann."

veiða eins mikið og við gerum, þá býður þessi auðlind enn upp á marga möguleika sem ekki hafa verið kannaðir. Við þessar aðstæður kemur aðild að EB ekki til greina."

Ingibjörg Sólrún álítur því að frekari umræður um aðild að EB séu ekki tímabærar eins og stendur. Það er þó ekki útilokað að í framtíðinni geti frávik frá afsali hefðarréttarins yfir fiskveiðilögsögunni orðið að veruleika. „Bretar ætla ekki að vera aðilar að félagsmálapakka EB. Danir eru mótfallnir aðild að myntbandalagi og Austurríki vill halda hlutleysi sínu og vill af þeim sökum ekki eiga aðild að utanríkisstefnu EB. Það er því eins líklegt að í framtíðinni verði hægt að vera undanþeginn fiskveiðistefnu EB."

Það gleymist einnig oft að við ásamt hinum Norðurlandaþjóðunum gætum haft einhverju að miðla í Evrópusamstarfi. Feministar í Evrópu horfa til að mynda með aðdáun til kvenna á Norðurlöndum og sérstaklega þess árangurs sem hefur náðst í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Þó að við á Íslandi höfum ekki náð eins langt í jafnréttisbaráttunni og kynsystur okkar annars staðar á Norðurlöndum, þá fylgjast evrópskir feministar einnig með kvenforsetanum okkar og Kvennalistanum.

„Jú, að sjálfsögðu hafa Norðurlöndin heilmiklu að miðla. Það er sterk lýðræðisvitund á Norðurlöndum, og hið skandinavíska módel er ekki dautt, eins og Carl Bildt forsætisráðherra Svía sagði nýverið. Hann segir þetta heima til að réttlæta niðurskurð í velferðarkerfinu. Út á við myndi hann segja að Norðurlönd gætu einmitt miðlað af sinni sterku lýðræðishefð."

Ingibjörg Sólrún segir að íslenskir stjórnmálamenn grípi einnig til slíkrar röksemdafærslu til þess að *(framhald á bls. 90)*

Rógbornasta kona allra tíma

(framhald af bls. 74) landráð. En það eru líka landráð að steypa þjóð sinni í glötun.

Við, það eruð þú og Gregory Orlov, þáverandi elskhugi þinn?

Já, ásamt Alexis bróður hans, Panin og fleirum. Gregory var þeirrar skoðunar að stjórnun ríkis ætti að vera hlýlegt samband á milli alvitrar móður og þegna sem dáðu hana. Hann var sennilega fyrsti karlmaðurinn sem kom auga á að konur eru betur fallnar til stjórnunar. Orlov var stórbrotinn maður, örlátur og hugrakkur. Hann var líka stórtækur. Eftir sigurinn yfir Tyrkjum var Hackert fenginn til að mála málverk af orrustunni. En Hackert hafði aldrei séð sjóorrustu, svo þegar þeir hittust í Livorno, fannst Orlov sjálfsagt að hjálpa málaranum sem bezt hann gat og sprengdi upp eitt skip fyrir hann svo hann gæti séð hvernig skip að springa liti út.

Fannst þér erfitt að vera kona og stjórnandi?

Nei. Rússa vantaði Plató og evrópsku kirkjufeðurna og þá um leið þær skoðanir þeirra að konur væru óæðri. Þeim fannst fyllilega eðlilegt að taka við skipunum frá konu. Sjálf notaði ég þá grundvallarreglu í samskiptum mínum við karlmenn að fá þá til að [illegible] að þeir vildu gera það sem ég sagði þeim að gera. Það fyrsta sem ég lærði um stjórnmál gerðist þegar ég var barn að aldri. Friðrik I Prússakonungur reif landið upp úr engu. Hann var virtur, en þegar hann lézt, þá fagnaði þjóðin á götunum. Þá skildi ég, að þjóðhöfðingi þarf líka að vera elskaður af þjóð sinni. Og að hann þarf að ávinna sér ást hennar.

Stjórnaðir þú í samræmi við það?

Ég reyndi. Enginn er fullkominn. Til að stjórna þjóð þarf fyrst að hefja af henni hrjúfleikann. Það gerirðu með menntun og menningu. Þegar ég sem ung stúlka byrjaði að kynna mér sögu Rússlands, uppgötvaði ég að það voru engar bækur til um hana. Ég varð að fara í Þjóðskjalasafnið og lesa upprunalegu skjölin. Keisaralega bókasafnið var upp á nokkur hundruð eintök þegar ég kom til landsins. Við lok valdatímabils míns voru eintökin 38 þúsund. Það var ekki til kort af Rússlandi þegar ég ætlaði að kynna mér landsbyggðina. Þorri þjóðarinnar var ólæs. Það vantaði skóla og sjúkrahús, kennara og lækna. Alls staðar þurfti að byrja á byrjuninni, ég skrifaði sjálf fyrsta stafrófskverið sem kom út á rússnesku.

Kósakkarnir komust í fréttirnar um daginn. Það var talað um óánægju þeirra allt frá því að þú „barðir þá niður af grimmd". Hvar var þetta kærleiksríka, móðurlega þegar þeir áttu í hlut?

Þetta er söguleg hagræðing sem hentar þeim í dag. Kósakkarnir voru mótfallnir því að setjast um kyrrt og borga skatta eins og aðrir þegnar. Það var einn handleggur. Annar var, að meðal þeirra var maður að nafni Pugachev. Hann var ótíndur þorpari sem yfirgaf börn og konu og lagðist í flæking. Hann fékk þá hugmynd að segjast vera Pétur III að safna liði til að komast aftur í valdastól. Honum tókst að safna nokkrum fylgismönnum og þeir fóru rænandi, nauðgandi og drepandi um kósakkalöndin. En enginn er spámaður í eigin heimalandi, þegar hann kom til baka í sitt eigið hérað og hélt því fram að hann væri Pétur III, þá sögðu menn: Þetta er hann Pugachev hennar Soffíu. Þar með drógu þeir hann af hestinum, lömdu hann og handtóku. Hann var fluttur til Moskvu þar sem hann og fimm félagar hans voru dæmdir til dauða og líflátnir. En ekki fyrir að gera tilkall til krúnunnar, heldur fyrir morðin sem þeir frömdu. Upp úr þessu komst ró á meðal Kósakka og þar sem ég hafði alltaf meiri trú á viðurkenningu en bælingu, stofnaði ég sérstaka varðsveit Kósakka og eftir það sýndu þeir krúnunni tryggð. Þeir sættu sig líka við að verða að borga skatta.

Mennirnir í lífi þínu – hvernig gekk þér að láta einkamálin og vinnuna ganga upp?

Mér gekk það sízt betur en konum í dag. Tveir eiginmenn og ellefu elskhugar og allir áttu þeir það til að fara í fýlu ef vinnan varð að hafa forgang. Ég vann við að stjórna ríki sem var stærra en rómverska ríkið og taldi tugi milljóna þegna. Þetta hefði verið minni togstreita ef ég hefði verið ein. En það er ekki eins og þú haldir á hjartanu í hendi þér og getir kippt því að þér eða rétt það fram eftir því sem aðstæður leyfa. Þetta var eini veikleiki minn og ég neita því að þetta sé veikleiki. Ég var ekki aðeins keisaraynja, ég var líka kona. Og þess þyngri byrðar sem þú berð, þess meiri þörf hefurðu fyrir að vera kona.

(Byggt á ævisögu Katrínar miklu eftir Vincent Cronin.) ■

Kvennalistinn á krossgötum?

(framhald af bls. 37) réttlæta óvinsælar aðgerðir. Sighvatur Björgvinsson, heilbrigðismálaráðherrann sem vill koma á 32 prósenta þátttöku einstaklinganna í læknisskostnaði, rökstuddi þá kröfu með því að þetta væri meðaltalið í EB-ríkjunum.

„Það er augljós mótsögn í málflutningi þessara pólitíkusa. Þeir leggja mikla áherslu á sjálfsákvörðunarrétt hvers lands um sig, en um leið reyna þeir að réttlæta vondar aðgerðir heima fyrir með því að vísa til EB-ákvæða. Það er því full ástæða til að gegnumlýsa EES til þess að hægt sé að greina á milli þess sem raunverulega fylgir samningnum og hins sem stjórnmálamenn lesa inn í hann til að auðvelda sér leikinn heima fyrir."

Þegar hér er komið sögu þarf Ingibjörg Sólrún að rjúka á barnaheimilið þar sem annar sona hennar er. „Ég þarf að standa mína vakt þar milli eitt og tvö," segir hún. Hversu margir aðrir þingmenn ætli gefi sér tíma til að sinna slíkum störfum? Ef þeir væru fleiri, þá væri áreiðanlega betur búið að fjölskyldum í þessu landi en raun er á. ■

HEIMSMYND
Á S K R I F T
62 20 20